

Átta mánuðum á undan áætlun



Samkvæmt Jóni Helga Gestssyni, umsjónarmanni framkvæmdar fyrir hönd Vegagerðarinnar, stendur til að opna nýja hringtorgið sem leiðir saman Biskupstungnabraut og Suðurlandsveg í dag, fimmtudaginn 8. september, og um leið fjögurra kílómetra vegkafla frá Biskupstungnabraut að Kirkjuferjuvegi. Jón segir að framkvæmdir hafi gengið mjög vel en vestasti hluti vegkaflans sem opnar í dag átti samkvæmt áætlun ekki að opna fyrr en í vor svo að þau verklok voru 6-8 mánuðum á undan áætlun sem verður að teljast ansi vel að verki staðið. HGL



Regnbogavika á Sólheimum

Í lok ágúst var árleg regnbogavika á Sólheimum í Grímsnesi. Þessi óformlegi viðburður hefur verið haldinn undanfarin ár og er orðinn fastur liður á sumrin.

Umræðunni um fjölbreytileika og mannréttindi var haldið á lofti á starfsstöðvum Sólheima alla vikuna. Auk þess vann starfsfólk á vefstofu hörðum höndum að fallegu skrauti fyrir gleðigöngu. Á föstudeginum var svo hápunktur vikunnar.

Að loknum hádegismat þann daginn var boðið upp á regnbogaköku í eftirrætt og síðdegis söfnuðust svo íbúar og starfsmenn á Sólheimum saman og gengu um Sólheima í bliðviðrinu með tónlist, fána og bros á vör. Gleðigöngunni lauk á Péturstorgi þar sem DJ GG sá um að halda stuðinu áfram. Þá setti listakonan Arna María upp sýningu á regnbogamyndum sínum í Grænu könnunni í takt við tilefnið.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Vilt þú gerast dagforeldri í Árborg?

Auglýst er eftir einstaklingum sem hafa áhuga á að gerast dagforeldrar í Sveitarfélaginu Árborg. Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi verktakar en umsjón og eftirlit með starfsemi þeirra sem og ráðgjöf til dagforeldra og foreldra er á vegum sveitarfélagsins.

Við vekjum athygli á að niðurgreiðsla er 70.000 kr. fyrir 8 tíma vistun barns. Jafnframt er dagforeldrum veittur stofnstyrkur að fjárhæð kr. 100.000 miðað við að dagforeldri sé með leyfilegan hámarksfjölda barna í gæslu.

Ef þú hefur áhuga á að gerast dagforeldri í Árborg má finna umsóknareyðublað inni á Mín Árborg, raf-rænni íbúagátt á www.arborg.is.

Nánari upplýsingar veita Björg Maggý Pétursdóttir, ráðgjafi, netfang: bjorgm@arborg.is eða Guðný I. Rúnarsdóttir, leikskólaráðgjafi, netfang: gir@arborg.is í síma 480 1900.

Börn gærdagsins eru foreldrar morgundagsins

Tengslamat, ráðgjöf og rannsóknir opnaði nú í sumar útibú hér á Selfossi með aðstöðu í Bankanum vinnustofu. Tengslamat sérhæfir sig í að greina tengslahegðun barna og fullorðinna og veitir fólki stuðning í að bæta eigin líðan og lífsgæði. Ragnheiður B. Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur er konan á bak við Tengslamat sem upphaflega var einungis starfsrækt í Lífsgæðasetri St. Jó í Hafnarfirði. Þar sem aukin eftirspurn var eftir þjónustu á Suðurlandi ákvað Ragnheiður að verða sér út um aðstöðu á Selfossi, þar sem hún sinnir viðtalsmeðferðum og greiningu á tengslahegðun barna og fullorðinna.

Ragnheiður lauk námi í félagsráðgjöf og fjölskyldumeðferðarnámi við Háskóla Íslands en síðastliðin 12 á hefur hún stundað nám í tengslafræðum í Ástralíu, Bretlandi, Ítalíu og í Bandaríkjunum. Samhliða starfi hjá Tengslamat er Ragnheiður í doktorsnámi við Háskóla Íslands þar sem rannsókn hennar er fölginn í að rannsaka tengslahegðun barna á Íslandi. Þá er einnig fyrirhugað að rannsaka afleiðingar vistunar einstaklinga sem vistaðir voru á Vöggustofum Reykjavíkurborgar á árunum 1949-1979.

Þau tengslamatstæki sem Ragnheiður hefur sérhæft sig í miða að því að skima tengslahegðun barna og fullorðinna; skima hvort börnum stafi hættu í tengslum við umönnunaraðila, skima óunnin áföll og depurð.

Markhópur Tengslamats eru annarsvegar einstaklingar sem eru að leita eftir betri líðan og vilja bæta tengsl við sína nánustu og hinsvegar börn og fjölskyldur sem búa við einhverskonar hættu í tengslasamböndum.

„Þá er verið að rannsaka hvort börnum stafi hættu í tengslum við sína nánustu umönnunaraðila. Einnig koma einstaklingar til mín sem eru að glíma við vanlíðan, en segja má að grunn tengslamyndun verður til í nánu



Ragnheiður Björg Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og fjölskyldufræðingur.

samspili við framtengslaðila okkar“ segir Ragnheiður.

Það eiga ekki öll börn örugga höfn

„Þegar foreldrar sem eignast barn, búa því gott atlæti og ná að lesa í þarfir barnsins í hvívetna, öðlast barnið jafnvægi og greinir umönnunaraðila sína sem örugga höfn ef svo má segja. En þetta foreldrahlutverk er eitt af þeim erfiðustu hlutverkum sem einstaklingar takast á við og stundum geta áföll leitt til þess að foreldrar ná ekki að mæta tengslabörfum barna sinna. Ástæður geta verið margar og misjafnar“.

Oft getur langur tími liðið uns þessi börn leita sér stuðnings þá sem fullorðnir einstaklingar. Fólk fer að leita skýringa af hverju ákveðin vanlíðan stafar og af hverju þeim takist illa að eiga í nánum tengslum við aðra nákomna. Fólk þyrstir í að koma lífi sínu í betra jafnvægi og langar til að bæta samskipti innan fjölskyldunnar.

„Til að skima tengslahegðun fullorðinna, býð ég upp á fullorðins tengslaviðtöl, þar sem horft er til frumberskunnar og skimað fyrir óunnum áföllum og depurð. Oft á tíðum má rekja vanlíðan til fyrstu tengsla, það er að segja til foreldra í frumbersku. Sú vinna getur verið fölginn í að vinna með tvær til þrjár kynslóðir hverju sinni.

Sú vinna er bæði árangursrík og skemmtileg“ að mati Ragnheiðar.

„Þá er það líka gefandi þegar foreldrar leita til mín og vilja bæta tengslin við börnin sín, en slík tengslagreining fer fram með myndbandsupptöku sem síðan er greind og notuð til að styðja foreldra í þeirri vinnu.“ Ragnheiður býður einnig upp á tengslaeflandi meðferð fyrir börn og foreldra þar sem áhersla er lögð á að bæta tengsl barna og umönnaraðila en slík vinna felst í að byggja upp traust í tengslasambandi sem er gert í gegnum viðtalsmeðferð, leik og náðarvinnu.

Tengslamat býður einnig upp á ýmskonar námskeið sem öll eru fölginn í því að skima fyrir hættulegri tengslahegðun barna. Námskeiðin eru ætluð öllum þeim sem starfa með börnum á ólíkum vettvangi, innan skóla, leikskóla, kirkjunnar, íþróttar- og tómstundarstarfi og víðar.

Tengslaviðtöl sem vegvísar

Hjá Tengslamati er stuðst við DMM greiningar módelið, Dynamic-Maturational Model of Attachment and Adaption, sem skimar tilurð tengslahegðunar einstaklinga á ólíkum aldri. Slík viðtöl skima einnig fyrir hættu í tengslasamböndum, unnum sem og óunnum áföllum og depurð. Slíkt tengslaviðtöl er góður vegvísir fyrir áframhaldandi stuðning við einstaklinga á öllum aldurs skeiðum.

„Djúp og varanleg tilfinningatengsl eru forsenda hamingju og velgengni. Til þess að geta skilið einstaklinginn verður ávallt að lita til þeirra tengsla og jarðvegs sem einstaklingurinn sprettur úr. Hvernig tengslum í frumbersku var háttað og hvernig fyrri reynsla hefur mótad líf einstaklings. Þannig getum við aldrei skilið tengslahegðun einstaklings eina og sér því tengslahegðun einstaklings verður ávallt til í samspili við aðra.“ segir Ragnheiður að lokum.

HGL

Opið fyrir umsóknir í uppbyggingarsjóð Suðurlands

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í haustúthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2022. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar á Suðurlandi. Í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar eru það atvinnuskapandi og/eða framleiðniaukandi verkefni sem eiga kost á stuðningi ásamt nýsköpunarverkefnum sem efla fjölbreytileyka atvinnulífs. Í flokki menningar er markmið að verkefni efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi.



**UPPBYGGINGAR
SJÓÐUR
SUÐURLANDS**

Uppbyggingarsjóður Suðurlands byggir á Söknaráætlun Suðurlands 2020-2024. Umsækjendum er því bent á að kynna sér vel úthlutunarreglur sjóðsins, áherslur, markmið og mat á umsóknum sem eru aðgengilegar hér.

Allar umsóknir þurfa að ber-

ast rafrænt í gegnum umsóknarvef sjóðsins og eru umsækjendur hvattir til að hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna. Umsóknir skulu berast fyrir kl. 16.00 þann 4. október 2022.



LÍTTU VIÐ Í HEILSUFARSMÆLINGU

Engin tímabókun

Við mælum blóðþrýsting, blóðfitu, blóðsykur og ummál. Þú færð niðurstöður mælinga og ráðgjöf sérþjálfaðs starfsmanns út frá þínum niðurstöðum.

Þessir þættir eru mikilvægir til að meta alhliða heilbrigði og geta verið góður mælikvarði á hvort aukin hætta sé á að þú þróir með þér sjúkdóma s.s. hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og nýrnasjúkdóma.

Kynntu þér opnunartíma, verð og hvar hægt er að mæta í heilsufarsmælingu á lyfja.is. Hafðu í huga að fyrir mælingar á blóðsykri og blóðfitu er mikilvægt að koma á fastandi maga.

Heilsa þín er okkar hjartans mál – þess vegna leggjum við áherslu á fræðslu, gæðavörur og persónulega þjónustu.

Líttu við í Lyfju

Flugvöllur á Suðurlandi

Kostir og gallar

Íljósi mikillar umræðu um Ívaraflugvöll fyrir Keflavíkurflugvöll vaknar umræða um varaflugvöll á Suðurlandi. Einstaklingar í Árborg hafa þannig bent á staðsetningu flugvallar á svæði milli Selfoss og Stokks-eyrar. Þá hafa Rangæingar dustað rykinu af hugmyndum um alþjóðaflugvöll á Geitasandi milli Hellu og Hvolsvallar. Viða þar sem ég kem á Suðurlandi er fólki að ræða þessar hugmyndir og því mikilvægt að opna þessa umræðu með okkar besta og reyndasta fólki sem getur svarað þeim spurningum sem brenna á vörum fólks.

Það er eðlilegt að þessi umræða kvikni þegar liggur nokkuð ljóst fyrir að ekki verður byggður flugvöllur í Hvassahrauni vegna nýlegra atburða, jarðskjálfta og 2 eldgos á stuttum tíma á áhrifasvæði fyrirhugaðs flugvallarstaðis.

Af þessu tilfelli hefur undirritaður ákveðið að boða til almenns fundar um þessar hugmyndir í Rangárhöllinni á Hellu fimmtudaginn 15. september kl. 20.00. Þar mun Njáll Traust Friðbertsson þingmaður og



Ásmundur Friðriksson.

flugumferðarstjóri ásamt Jóni Herði Jónssyni flugstjóra hjá Icelandair og nefndarmaður í ÖFÍA, Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna frá 2016 og hann er núverandi formaður ÖFÍA ræða kosti og galla flugvallar á Suðurlandi.

Flugmennirnir Valur Stefáns-son á Selfossi og Guðni Ragnarsson flugmaður frá Guðna-stöðum í Landeyjum verða einnig framsögumenn en þeir hafa látið að sér kveða í umræðunni um flugvöll á Suðurlandi.

Af loknum framsöguerindum



Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður og flugumferðarstjóri.

verða framsögumenn í pallborði og svara fyrirsprungnum fundarmanna um efni fundarins.

Fundurinn verður haldinn kl. 20.00 á sal í Rangárhöllinni á Hellu og gert er ráð fyrir að hann standi í 90 mínútur og ljúki kl. 21.30.

Allt áhugafólk um málefnið er hvatt til að mæta og taka þátt í opinni umræðu um þetta áhugaverða mál og fá svörin við spurningum sem brenna á fólki.

Ásmundur Friðriksson, fundarboðandi.

Ungt fólk og lýðræði á Laugarvatni

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði fer fram dagana 9. - 11. september. Yfirskrift hennar er: Láttu drauminn rætast!

Á ráðstefnunni er lögð áhersla á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi, allt gert til að einstaklingar geti styrkt sjálfsmynd sína og tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl. Ráðstefnan hefur verið haldin árlega frá árinu 2009 og hefur því fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi. Aðalstyrktaraðili ráðstefnunnar eru Erasmus+

Dagskráin er sérlega hressandi. Hún byrjar strax á föstudeginum með hópefli, erindi Önnu Steins frá Kvan og einkenni jákvæðra leiðtoga og mörgu fleiru. Á laugardegnum verður pepparinn Bjartur Guðmundsson frá Optimized Performance með erindi um tilfinningarnar og áhrif þeirra á dag-



legar athafnir. Hann mun líka kenna aðferðir sem hægt er að nota til að bæta daglega líðan.

Síðan um daginn verða málstofur með Bjarti, þingmönnum, sveitarstjórnarfólki, fólki sem hefur náð langt á frambrautinni og mörgum fleirum. Sema Erla

Serdar, aðjúnt í tómsunda- og félagsmálafræðum við Háskóla Íslands, heldur líka málstofu um það hvað hægt sé að gera til að auka þátttöku ungmenna af erlendum uppruna í íþróttastarfi. Hún mun líka fjalla um fordóma og margt fleira.



Sunnlenski matgæðingurinn



María Magnúsdóttir er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.

Ég þakka Önnu Láru vinkonu minni fyrir áskorunina og hér kemur uppskrift frá mér sem hæfir vel fallegu árstíðinni sem nú fer í hönd þegar ró fær-ist yfir heimilið með kertaljósi og notalegri stemmingu.

Hægelldaðir lambaskankar

4 lambaskankar
Smjör til steikingar
1 laukur
4 hvítlauksrif
6 gulrætur
1 askja Flúðasveppir
5 vel rauðir tómatar
3 greinar ferskt rósmarín
Tómatmalk i ds
Maldonsalt
Nýmalaður pipar
1 glas rauðvín
Vatn

Brúnið lambaskankana á öllum hliðum upp úr smjöri á pönnu og kryddið með salti og pipar og setjið í steikarpott með beinið upp (ég nota Le Cruset pottinn minn)

Skerið lauk, hvítlauk, sveppi, gulrætur og rósmarín gróflega niður og léttsteikið og setjið með í pottinn. Saxið tómata smátt og bætið þeim við ásamt tomatmalki og vatni. Punkturinn yfir i-ið er svo að hella rauðvíni yfir dásemdina og láta suðuna koma upp í pottinum á eldavél, setja lokið yfir og inn í 150 heitan ofninn með yfir og undirhita í 4 klst. Þegar um 30 mínútur eru eftir af eldunartímanum



takið þið lokið af pottinum og klárið eldunartímann í ofn-inum. Til að fullkomna sósuna þá tek ég kjötið úr pottinum og þykki aðeins með dökkum maisena sósujafnara. Set kjötið aftur í pottinn og lokið yfir. Læt standa á meðan ég græja kartöflumúsina sem er ómissandi með þessum rétti.

Kartöflumús

Setjið ca. 1/2 kg vel soðnar gullauga kartöflur í pott, þær eru maukaðar og svo hrærðar með sleif á lágum hita. Bætið smjörklípu og mjólk og kryddið með grófum pipar og fín saxaðri steinseltu.

Ég vona að einhver geti nýtt sér uppskriftina mína af þessum dásamlega haustmat. Ég mæli með að þið njótið með rauðvíni frá Rioja, en spánska Tempranillo þrúgan á sérstakega vel við með íslenska lambakjötinu.

Takk fyrir mig og njótið.

Að lokum þá tilnefni ég mömmu mína, Guðbjörgu Björgvinsdóttur sem næsta matgæðing því hún er sú sem hefur kennt mér mest og best þegar kemur að list í eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.

Tafir vegna fjárrekstra í Hrunamannahreppi

Vegfarendur sem leið eiga um Hrunamannahrepp í lok vikunnar mega eiga von á umferðartöfum vegna fjárrekstra. Fimmtudaginn 8. september mun fjallfólk koma til byggða og því má búast við að þann dag verði tafir vegna fjárrekstra á Skeiða- og Hrunamannavegi, frá Tungufelli að Hrunaréttum frá kl 10:00 og fram eftir degi.

Einn aðalhátiðisdagur sveitarfélagsins er síðan föstudaginn 9. september en þá verður réttað í Hrunaréttum og hefjast réttir klukkan 10.00.

Að réttum loknum er fé rekið



Hrunaréttir 2015. Mynd: Guðbjörg Helga Sigurðorsdóttir.

heim á bæi og þá geta vegfarendur átt von á töfum víða í sveitarfélaginu frá kl. 13:00 og fram eftir degi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókauktgáfan HÓLAR

Möl og grjóti moka hann,
margan kappann fellir hann,
víða í sjónum veiðist hann,
og víst er stjörnumerki hann.

Svar við gátu í blaði 2664: **MARS**
1. Herguð Rómverja - 3. Mars, þriðji mánuður ársins - 4. Plánetan Mars





BYKO VOTMÚLAHRINGURINN

Í tilefni 60 ára afmælis BYKO bjóðum við öllum fría
þátttöku í BYKO Votmúlahringnum, fjölskylduhjólahring KIA
Gullhringsins þann
11. september nk. kl. 11

Við hvetjum fjölskyldur til að skrá sig og hjóla saman
þennan skemmtilega 12 km hring.

Að lokinni hjólaferð verður boðið upp á grillaðar pylsur og
skemmtun við verslun BYKO á Selfossi.

Skráning fer fram á <https://netskraning.is/gullhringurinn/?lang=is>
Skoðaðu leiðina og allar upplýsingar á <https://www.vikingamot.is/kia-gull/>



Skannaðu kóðann
og skráðu þig


**KIA GULL
HRINGURINN**
VÍKINGAMÓTARÖÐIN

*SAMAN Í
60 ÁR* **BYKO**



Við byggjum 28 geymslur/iðnaðarbil
að Breiðumýri 3 á Selfossi.

Verð 21,5 m. kr.

Afhendist fullbúið í janúar/febrúar 2023.



Cleopatra fagnar 10 ára afmæli

Laugardaginn 10. september kl. 11 - 17

20 % afsláttur af öllum vörum

Allir sem versla setja nafnið
sitt í pott hafa möguleika á að
vinna **50.000 kr** gjafabréf

Hlökkum til að sjá ykkur

*Léttar veitingar
og búbbur*



Austurvegur 4 - Selfossi - 4822144



Peningar tíndir af trjánnum í Hveragerði

Frá upphafi starfs hönnunar-
hóps vegna byggingar nýs
íþróttamannvirkis upp í Dal,
var ljóst að ekki yrði tekið til-
lit til framkvæmdakostnaðar né
hönnunar- og framkvæmdatíma
heldur virðist eingöngu hafa
verið horft til óraunhæfra óska
og draumsýnar fulltrúa O-lista
og Framsóknar.

Það er óneitanlega sérstakt
að hönnunarahópurinn sem skip-
aður var til að setja saman til-
lögur varðandi hönnun íþróttamannvirkisins og fyrirkomulag
á allri aðstöðu, hafi ekki fengið
neinn ramma um stærðargráðu
og gæðastig byggingar út frá
fjármagnsgetu bæjarfélagsins.
Með vönduðum vinnubrögðum
og vandaðri stjórnsýslu hefði átt
að leggja línurnar um byggingu
nýs íþróttamannvirkis, en í stað
þess eru byggðar væntingar um
skýjaborgir hjá iðkendum, þjálf-
urum og öðrum bæjarbúum.
Það er mjög auðvelt að óska
sér bæði allskonar og ýmissa
hluta svona rétt eins og börnin
gera fyrir jólin. Hamingjan felst
í því að gleðjast og þiggja enda
ætlast enginn til þess að börnin
beri ábyrgð. Það á hins vegar
ekki við um kjörna fulltrúa.

Framhaldið er óljóst

Fyrir kosningar héldu fulltrúar
O-lista og Framsóknar því fram
að nýtt íþróttamannvirki sem
ekki yrði loftbórið gæti verið
komið upp í nóvember á þessu
ári. Eftir kosningar breyttist það
og nú er því haldið fram að nýja
íþróttamannvirkið verði tilbúið
til notkunar að ári. Allir sem
skoðað hafa niðurstöður hönnun-
arahópsins sjá það að hönnun
og framkvæmd af þeirri stærð-
argráðu sem hönnunarahópurinn
leggur til tekur mun lengri tíma
en eitt ár.

Ljóst er að kostnaður við



byggingu íþróttamannvirkis,
líkt og fulltrúar O-lista og Fram-
sóknar leggja til, mun kosta
meira en 1.5 milljarð króna, en
ekki 260-600 milljónir króna
líkt og fulltrúar O-lista og Fram-
sóknar hafa sagt bæði fyrir og
eftir kosningar að þetta íþróttamannvirki myndi kosta. Setjum
þessa upphæð, 1.5 milljarða
króna, í samhengi við tekjur
Hveragerðisbæjar, sem eru um
3 milljarðar króna á ári og koma
að lang mestu leiti frá skatt-
greiðendum. Það er um það bil
hellingur eða meira af tekjum
Hveragerðisbæjar sem færu í
nýtt íþróttamannvirki ef byggja
á í samræmi við niðurstöður
hönnunarahópsins. Á sama tíma
hefur verið samþykkt að byggja
nýjan leikskóla og viðbygg-
ingu við grunnskólann á næstu
tveimur árum, sem mun saman-
lagt kosta nálægt 2.5 milljarð
króna. Þá á eftir að reka sjálft
bæjarfélagið, en nú þegar fara
um 60% af tekjum bæjarfélags-
ins í fræðslumál og þá eru allir
aðrir málaflokkar eftir.

Spurningin er gott fólk, hvar
eigum við að skera niður?

Raunveruleikinn er sá að það
eru einfaldlega ekki til peningar
í rekstri bæjarfélagsins fyrir
þessu óska og drauma íþróttamannvirki, nema það eigi að
tína meiri peninga af okkur
skattgreiðendum?

*Friðrik Sigurbjörnsson
Alda Pálsdóttir*

Bæjarfulltrúar D-listans



Skákkennsla grunnskólakrakka hafin!

Davíð Kjartansson sér um kennsluna.

Kennt á laugardögum frá 10 til 11:30
í Fisschersetrunu Selfossi.

Nánari upplýsingar í síma 868 2285
eða á ari.bjorn98@gmail.com.

SAMÚELSSON

VEISLUÞJÓNUSTA FYRIR SÆLKERA

20% AFSLÁTTUR

Veglegt kynningar tilboð sem gildir út september af take away veislum

- ▶ Pantaðu staðlaða sælkera veislu bakka fyrir 10 manns eða fleiri og taktu með í partyið.
- ▶ Pantaðu veislu frá 30 - 300 manns á láttu okkur sjá um að finna fullkominn veislusal hjá samstarfs aðilum okkar *(Tilboð gildir ekki í veislum í sal)*
- ▶ Fylgið QR kóðanum til að sjá veislu matseðla og verð
- ▶ Lágmarks fyrirvari er á afhendingu veisla en stundum hægt að flýta afhendingu gegn gjaldi

ALLAR NÁNARI
UPPLÝSINGAR Í QR
KÓÐANUM

Ytarlegar lýsingar á öllum réttum

Vegan valkostir

Barnvænir valkostir

Almennar upplýsingar um afgreiðslu veisla

Salir

Og margt fleira..



Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Bréfpokar



Skákkennsla grunnskólakrakka hafin!

Davíð Kjartansson sér um kennsluna.

Kennt á laugardögum frá 10 til 11:30
í Fisschersestrinu Selfossi.

Nánari upplýsingar í síma 868 2285
eða á ari.bjorn98@gmail.com.

Óskað er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi 2022

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnættis fimmtudagurinn 13. október nk. og þær skal senda á netfangið menningarverðlaun@sass.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA



STARFSMAÐUR ÓSKAST!

AB varahlutir óskar eftir að ráða til sín sölumann í verslun. Í starfinu felast öll almenn verslunarstörf s.s. sölumennska, vöruframsetning, áfylling og fleira.

Hæfniskröfur:

- Áhugi og þekking á bílum
- Reynsla af verslunarstörfum æskileg
- Öguð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni
- Góð þjónustulund
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Gott skipulag
- Íslensku og enskukunnátta skilyrði

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir og frekari upplýsingar berist á jonivarj@gmail.com eða í síma 861 1724.

Uppskeruhátíð á Stokkseyri um helgina

Uppskeru menningar og matvæla verður fagnað á Haustgildi á Stokkseyri dagana 10.-11. september. Haustgildi er uppskeruhátíð og haustfagnaður með undirtitlinn „menning er matarkista“, sem var fyrst haldin í september í fyrra. Þá fór hátíðin að hluta til fram á túni í miðju Stokkseyrar en í ár hefur hún verið færð í Hafnargötuna á Stokkseyri, nánar tiltekið fyrir framan menningarverstöðina Hólmaröst.

Upphitun fyrir hátíðina fór fram 4. september þegar Nanna Rögnvaldsdóttir kom í heim-sókn á Brimrót.

Dagskráin hefst annars kl. 13 báða dagana og stendur til kl. 19 á laugardagskvöldið og frá 13-17 á sunnudaginn. Í Hafnargötu verða smáhýsi framleiðendanna Sólheima, Ölvisholt, Arabæ, Fljótshóla, Eyrarfisks, Korngrís,



Sápufólksins og fleiri. Þar er líka stutt í gallerí Stokk, Svartaklett, keramik Hebu og gallerí Gimli og Brimrót og steinsnar þaðan er gallerí Gussi í Strandgötu. Á Brimrót verður sýning í nýjasta gallerí Stokkseyrar, gallerí Ögn, markaður og upplestur höfundanna Hörpu Rún Kristjánsdóttur og Pedro Gunnlaugs Garcia sem munu lesa úr verkum sínum. Upplesturinn hefst 15. Áður en tónleikar sem slá botninn í daginn hefjast í Stokkseyrarkirkju kl. 20 er svo

alveg tilvalið að fá sér snæðing og kaldan drykk í Skálanum á Stokkseyri. Á tónleikunum koma fram söngvarinn Eyjólfur Eyjólfsson og Luke Starkey sem leikur á lútu. Á sunnudeginum verður opið í smáhúsunum og galleríum á Stokkseyri frá kl. 13-17. Höfundarnir Draumei Aradóttir og Jón Hjartarson lesa úr nýjum bókum sínum kl. 15 á Brimrót. Menning er matarkista er undirtitill Haustgildis sem á vel við Suðurlandið. Hér er mikil matvælaframleiðsla og ræktun sem á sér langa sögu og eykst ár frá ári. Framleiðsla sem er mikilvægur hluti af samfélaginu. Hér er líka lifandi menningarstarfsemi út um allt sem er sannarlega allrar athygli virði og við ættum að gefa okkur tækifæri til að njóta. Á Haustgildi er tækifæri til að njóta þessa beggja á Stokkseyri.



Þegar komst upp um Kötlu steypti hún sér í jökulinn. Hér er Katla í brókinni göðu sem kæmi henni á verðlaunapall í hlaupum ef hún kæmist inn á heimsmeistarmót í frjálsum íþróttum. Teikning: J. Laczowski.

Sagnir af Suðurlandi

Sagnir af Suðurlandi er nýr Svefur þar sem má finna þjóðsögur af öllu Suðurlandi; frá Hellisheiði að Lómagnúpi. Verið er að safna fleiri sögum og eru íbúar á Suðurlandi hvattir til að senda sínar uppáhaldssögur og ljósmyndir.

Vefurinn, sagnirafsuðurlandi.is, var unninn á Kirkjubæjarsstofu í samstarfi við Bókaútgáfuna Sæmund á Selfossi og Arnastofnun. Verkefnisstjóri er Lilja Magnúsdóttir. „Júlíana Þóra Magnúsdóttir vann verkið með okkur en hún er þjóðháttafræðingur og hefur rannsakað þjóðsögur í Meðallandi og víðar. Beata í Vík í Mýrdal hefur aðstoðað með að fá efni úr Mýrdalnum og fékk m.a. teikningar hjá J. Laczowski sem skreytti nokkrar þjóðsagnanna úr Mýrdalnum. Þórir Kjartansson hefur

verið óopinber aðstoðarmaður við verkefnið en hann hefur gefið ljósmyndir og svarað fyrirspurnum um ýmislegt sem varðar Mýrdalinn. Erna Margrét Jóhannsdóttir var starfsmaður við verkefnið um tíma og setti inn fjölda sagna.

Vefsíðugerðin hefur unnið að endurbótum á vefnum en grunnuppsetninguna gerði Lílja Carvahlo sem rekur fyrirtækið Thisislupina.“ segir Lilja Magnúsdóttir verkefnisstjóri.

Leita til Sunnlendinga

Lilja segir að margir tali um að við verðum að halda í gamlar sögur og menningararfinn. „Þetta er eitt skref í þá áttina. Ferðamenn, íbúar, nemendur í skólum eða hver sem er getur flett upp sögum þar sem hann er staddur. Það er kort á vefnum

sem sýnir sögurnar í nágrenninu. Nú þarf ekki lengur að rogaast um með stór þjóðsagnasöfn heldur eru þær aðgengilegar hver og hvenær sem er. Það er auðvelt að leita á vefnum. Sögurnar eru flokkaðar eftir efni og svæðum. Við margar sagnanna eru myndir af sögupersónum eða sögustaðnum en okkur vantar miklu fleiri myndir. Næsta skref er að fá áhugasama til að aðstoða okkur við að setja inn fleiri sögur. Lesendur eru hvattir til að skoða sína heimasveit og athuga hvort þeir kunni eða viti um þjóðsögu úr nágrenninu. Söguna má senda beint inn á vefinn ásamt mynd,“ segir Lilja að lokum.

Þau sem hafa áhuga á að taka þátt eru hvött til að hafa samband við Lilju í gegnum sagnirafsuðurlandi.is.

NÁMSKEIÐ FYRIR 60+ SNJALLTÆKIN OKKAR

Fræðslunetið heldur námskeið fyrir 60 ára og eldri, þar sem kennt verður hvernig hægt er að nota snjalltæki, síma eða spjaldbólva á virkari hátt, s.s. að nota rafræn skilríki, bóka ferðir, hótél og nálgast afþreyingu á vefnum. Fleiri námskeið og staðsetningar verða auglýst síðar í vetur. Gert er ráð fyrir að fólk hafi sín eigin snjalltæki á námskeiðinu, síma eða spjaldbólva.

STAÐSETNINGAR DAGAR OG TÍMI:

Selfoss	Fjölheimar hópur a	fimmtudagar og föstudagar	22.-30. september	kl. 10-12
Selfoss	Fjölheimar hópur b	fimmtudagar og föstudagar	22.-30. september	kl. 13-15
Selfoss	Fjölheimar hópur c	fimmtudagar og föstudagar	6. og 7. og 20. og 21. október	kl. 10-12
Selfoss	Fjölheimar hópur d	fimmtudagar og föstudagar	6. - 14. október	kl. 13-15
Hella	Námsverið í Miðjunni	þriðjudagar kl. 10-12 og miðvikudagar kl. 15-17	25. október - 2. nóvember	10-12 og 15-17
Hella	Námsverið í Miðjunni	fimmtudagar og föstudagar	10. - 18. nóvember	kl. 15-17
Hvolsvöllur	Tónlistarskólinn	fimmtudagar og föstudagar	1. -9. desember	kl. 10-12
Hvolsvöllur	Tónlistarskólinn	fimmtudagar og föstudagar	1. -9. desember	kl. 13-15



Skráning og nánari upplýsingar í síma 560 2030 og hjá steinunnosk@fraedslunet.is

Námskeiðið er í boði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

Geymið
auglýsinguna

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf**
svo lífsgæði eflist og mannlíf á
Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 4. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum
SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Skírn í Laugarvatni

Föstudaginn 26. ágúst síðastliðinn lauk nýnemaviku í ML með gleðigöngu og skírn í Laugarvatni. Að skírn lokinni eru nýnemar formlega orðnir ML-ingar og voru þeir boðnir hjartanlega velkomnir í skólann að athöfn lokinni.

Það var sérstakt fagnaðarefni að hægt væri að virða þessa hefð með því sniði sem við áttum að venjast fyrir Covid-19 faraldurinn og óhætt að segja að gleðin hafi skinið úr hverju andliti. Veðrið lék við ML-inga þennan dag og sólin glampaði á vatninu og í augum viðstaddra.

Myndir: ML.



Hernaður Skógræktarinnar gegn náttúru Íslands

Með vaxandi umsvifum ML Skógræktarinnar virðist hafa losnað um ýmsar hömlur í vinnubrögðum og stórvirkum tækjum óspart beitt til að brjóta viðkvæmt land til gróðursetningar. Hvert óhæfuverkið á eftir öðru er að koma í ljós. Þessi hernaður gegn landinu er að mestu kostaður af almannafé, en einnig fyrirtækjum og einstaklingum innan lands sem utan. Kolefnisjöfnun er þar meginþrákraftur en umhverfisvernd ekki í hávegum höfð.

Forkastanleg vinnubrögð

Landspjöll vegna meintra ólöglegra framkvæmda við skógrækt í Skorradal eru gott dæmi um vinnubrögðin. Slóði var lagður inn á viðkvæmt land í 300-370 m hæð án þess að framkvæmdaleyfi væri til staðar. Mólendi, mýrar og flói síðan rist í sundur til að auðvelda gróðursetningu og auka lifun ungplantna. Jarðvinnslan ræsir fram votlendið og hætt er við vatnsrofi þar sem landi hallar. Planta átti aðallega birki en viðkomandi sveitarfélag mótmælti yfirlangi Skógræktarinnar.

Erlendir aðilar kostuðu þessi landspjöll, en þeim hafði verið talin trú um að trén sem planta átti myndu binda mikið kolefni.

Raskið verður hins vegar til þess að kolefni berst út í andrúmsloftið vegna rotnunar lífræns efnis í gróðri og jarðvegi, en kolefnisbinding færir afar hægt af stað. Verkefnið hefði því skilað litlu til kolefnisjöfnunar næstu árin.

Rangárvellir

Á Rangárvöllum hafa merkileg gróðurlendi verið grædd upp og dafnað á þeim 115 árum sem liðin eru frá því baráttan við sandfok, uppblástur og eyðingu byggða hófst þar. Þarna var komið mólendi, góð berjalönd og mikilvægir varpstadir mófugla, en fyrir svæðinu lá að breytast smá saman í kjarlendi með birki og víði.

Í sumar réðist Skógræktin til atlögu við þá undirstöðu fyrir endurheimt vistkerfa sem búið var að kosta miklu til að skapa á löngum tíma. Rifin voru svöðusár í landið með stórvirkum tækjum. Viðkvæm jörð er undir og því er hætt á víxlverkun vatnsrofs og sandfoks og uppblásturs.

Hvað í ósköpunum gengur þeim til, sem framkvæma þennan hernað gegn landinu? Til þess að bæta gráu ofan á svart hefur verið plantað þarna stafafuru sem mun í kjölfarið sá sér víða um nágrennið og leggja undir

sig þau gróðurlendi sem fyrir eru. Sér í lagi er áhæðisvert að ekki hefur verið óskað eftir framkvæmdaleyfi frá hlutaðeigandi sveitarfélagi eins og skylt er þegar um er að ræða svo umfangsmikla breytingu á ástandi landsins.

Munaðarlaus náttúruvernd

Það hefur enginn gefið Skógræktinni umboð til þess að umbreyta náttúru Íslands með þeim afgerandi hætti sem raun ber vitni. Við skorum á sveitarstjórnir að vera vel á verði gagnvart slíkum framkvæmdum og stöðva þær tafarlaust ef ekki hefur verið fylgt lögum og reglum.

Þessi umhverfisógn stafar meðal annars af veikum lagaramma og hve óljóst það er hver fer með vernd vistkerfa, landslags og líffræðilegrar fjölbreytni utan friðlýstra svæða, eða á um 80% landsins. Við skorum á ráðherra umhverfismála að bæta þar úr og ráðherra matvæla að setja Skógræktinni eðlilegar skorður í sínum störfum.

Jafnframt viljum við hvetja fólk til þess að standa vörð um náttúru Íslands og þá sérstæðu fegurð sem íslenskt landslag býr yfir.

Sveinn Runólfsson og
Andrés Arnalds



Hér eru lögmál gróður- og jarðvegsverndar þverbrötin og fyrstu árin verður losun kolefnis meiri en binding.



Gróðursetja átti ösp í þetta votlendi sem er í meira en 300 m hæð. Ljós: Sigurður H. Magnússon

LYKILLINN AÐ ÞINNI FRAMTÍÐ

**Vegna mikillar eftirspurnar
vantar allar gerðir eigna á skrá**

- ☑ Íbúðarhúsnæði
- ☑ Sumarbústaðir
- ☑ Lóðir
- ☑ Jarðir
- ☑ Fyrirtæki

**Allir sem skrá eign hjá okkur
í september fá gjafabréf fyrir
tvo út að borða á Messanum.**



Nýtt í sölu



Opið hús 11. september kl. 14-15

Réttarmói 8 Fljótshlíð
Verð 74,9 millj. Sumarhús

📏 128,7 m² 🛏️ 4 herbergi

Glæsilegur sumarhústaður skráður sem lögbýli í landi Hellishóla í Fljótshlíð. Falleg hönnun og vandaður frágangur. Miklir möguleikar í boði, hvort sem eignin er nýtt sem sumarhústaður, lögheimili eða til útleigu. Fallegt umhverfi og mikil afþreying á svæðinu.

Nýtt í sölu



Bjarmaland 3 800 Selfoss
Verð 65,9 millj. Parhús

📏 141,5 m² 🛏️ 4 herbergi

Nýtt parhús í einu af nýjustu hverfum Selfossbæjar. Húsið er byggt úr timbri og klætt að utan með báruáli og skilast á byggingarstigi 5, tilbúið til málunar. Vel skipulagt parhús sem er staðsett í göngufæri við nýjasta leikskóla bæjarins og Sunnulækjarskóla.

Nýtt í sölu



Bjarmaland 22 800 Selfoss
Verð 64,9 millj. Raðhús

📏 94,7 m² 🛏️ 3-4 herbergi

Fallega innréttað 94,7 m² raðhús með þremur svefnherbergjum á þessum vinsæla stað. Þvottahús með innréttingu fyrir þvottavél og þurrkara. Stutt í nýjan leikskóla og Sunnulækjarskóla. Fallegt harðparket í ljósgráum lit og vönduð innrétting frá IKEA í eldhúsi.



Snorri Sigurðarson
Löggildur fasteignasali
snorri@heimaland.is
Sími 897 7027



Valdimar Þór Svavarsson
Framkvæmdastjóri
Í námi til löggildingar
valdimar@heimaland.is
Sími 821 0808



Guðný Guðmundsdóttir
Löggildur fasteignasali
gudny@heimaland.is
Sími 821 6610

**Við erum í Brúarstræti 2 í nýja miðbænum
á Selfossi. Alltaf heitt á könnunni!**



**HEIMALAND
FASTEIGNASALA**

Brúarstræti 2 • Selfossi • heimaland.is • Sími 587 7707



Íþróttaskólinn hefst sunnudaginn 11. september nk.

Námskeiðið er fyrir börn fædd 2017-2022.

Kennt verður í tveimur hópum.

Verð 17.900 kr. - 12 skipti - Haustönn.

Skráning inni á www.sportabler.com/shop/
umfs eða í Sportabler-appinu í „verslun“.

ÁFRAM SELFOS!



Laus staða há Selfossveitum

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu
Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til
húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði
hita- og vatnsveitu. Starfið hefur starfsheitið
Vaktmaður og heyrir undir verkstjóra vatns- og
hitaveitu.

Ábyrgðar og starfssvið:

Hita- og vatnsveita:

- Öll almenn störf vegna nýframkvæmda,
viðhalds, reksturs og þjónustu. Verkbættir eru
m.a. við:
 - Vatns- og orkuöflun
 - Rekstur dælu- og stjórnstöðvar
 - Dreifingu
 - Þjónustu
- Starfsmaður vinnur bakvaktir utan venjulegs
dagvinnutíma og sinnir vaktþjónustu/
bilanþjónustu:
 - Móttaka bilanatilkynninga frá vaktkerfi og
notendum. Úrvinnsla þeirra og skráning.
 - Eftirlit með rekstri veitukerfanna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á veitustarfsemi er kostur.
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum
samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og
skipulagshæfni
- Ensku og tölvu kunnátta æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður
Þór Haraldsson í síma 480 1500 eða netfang
sigurdur@arborg.is. Umsóknarfrestur er til
26. september 2022. Sótt er um starfið á
ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>

Íþróttir



BYKO býður öllum frítt í fjölskyldu KIA gullhringinn

Kia Gullhringurinn, stærsta
Kgtuhjólamót landsins, fer
fram á Selfossi á laugardaginn.
Keppnin byrjar og endar í nýja
fallega miðbænum á Selfossi og
það eru hjólaðar flatar og þægi-
legar keppnisbrautir um Flóann
í gegnum Stokkseyri og Eyrar-
bakka á laugardagskvöldinu og
skráning er ennþá opin á vik-

ingamot.is. Á sunnudagsmorgun
kl. 11:00 er svo fjölskyldu KIA
hringurinn sem er kallaður Vot-
múlahringurinn. Sá hringur byrj-
ar og endar við BYKO á Selfossi
og í ár ætlar BYKO að bjóða
öllum sem vilja hjóla með frítt.
Fjölskylduhringurinn er sem sagt
á sunnudagsmorgninum kl. 11:00
og hjólaðir eru 12 kílómetrar og

svo enda allir í grill partý við
BYKO og músik í boði Byko í
tilefni af 60 ára afmæli BYKO
- þannig finna allir eitthvað við
sitt hæfi í KIA Gullhringnum í
ár - veður spáin segir að loksins
sé komið sumar og líklegt að það
verði líf og fjör á Selfossi um
helgina. Skráning í allar vega-
lengdir á www.vikingamot.is

Eyjamenn og Framarar sigursæl á Ragnarsmótinu



Ragnarsmót karla var haldið
dagana 15. - 20. ágúst. Sex
lið tóku þátt Afturelding, Fram,
Hörður, ÍBV, KA og Selfoss.
Mótið endaði á úrslitaleik milli
ÍBV og Aftureldingar þar sem
Eyjamenn unnu sigur. Selfyss-
ingar enduðu mótið í 3. sæti
eftir sigur á Fram í leik um 3.
sætið. Að móti loknu voru ein-
staklingsverðlaun veitt ásamt
bikar til sigurliðsins.

Markahæstur: Ísak Gústafsson
(29 mörk), Selfoss
Markmaður mótsins: Petar Jok-
anovic, ÍBV
Varnarmaðurinn mótsins: Arnór
Viðarsson, ÍBV
Sóknarmaður mótsins: Árni
Bragi Eyjólfsson, Afturelding
Leikmaður mótsins: Ísak Gúst-
afsson, Selfoss

Ragnarsmót kvenna var haldið
dagana 30. ágúst - 3. september.
Fjögur lið tóku þátt Fram, ÍBV,
Selfoss og Stjarnan. Fram end-
aði mótið í efsta sæti og vann
mótið. Selfoss stúlkur unnu einn
sigur og gerðu eitt jafntefli og
enduðu mótið í 2. sæti. Að móti
loknu voru einstaklingsverðlaun
veitt ásamt bikar til sigurliðsins.

Markahæst: Steinunn Björns-
dóttir (24 mörk), Fram
Markmaður mótsins: Darija
Zecevic, Stjarnan
Varnarmaðurinn mótsins: Perla
Ruth Albertsdóttir, Fram
Sóknarmaður mótsins: Katla
Maria Magnúsdóttir, Selfoss
Leikmaður mótsins: Steinunn
Björnsdóttir, Fram



Olís-deildirnar komnar úr sumardvala

Olís-deild karla hefst í
Okvöld, fimmtudaginn 8.
okt, og hefja Selfoss strákar
leik í opunarleik móts-
ins gegn Fram í glænýju
íþróttahúsi þeirra Framara í
Úlfarsárdal. Hefst leikurinn
klukkan 18:00 og hvetjum
við Selfyssinga til að fjöl-
menna og styðja strákana.

Stelpurnar hefja svo leik
laugardaginn 17. október
gegn HK í Kórnum. Gaman
verður að sjá stelpurnar etja
kappi við liðin í Olísdeild-
inni í vetur.



Hulin perla í hjarta Selfoss

Guðmundur Ármann

Varabæjarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins
í Árborg



menning geta fundið sér áhuga-verðan stað. Eru tækifæri í því að þróa ný íbúðarsvæði norðan Ölfusár?

Hvað viljum við, hvað hæfir, hvar eru tækifæri, hvar er þörf? Þetta eru spurningar sem við eigum að spyrja okkur og að spyrja hvort annað. Við þurfum að vita hvað við raunverulega viljum áður en farið er af stað.

Við höfum tækifæri til að opna á að Hellisskógur vaxi með fram Biskupstungnabraut í vestur (í átt að Hveragerði) að mörkum sveitarfélagsins. Að hið einstaka útivistarsvæði sem Hellisskógur er stækki verulega og myndi auk þess fallega umgjörð um þennan hluta Selfoss.

Að því er stefnt að tjaldsvæði færist frá núverandi staðsetningu og yfir á. Með skógrækt og staðsetningu þess við nýtt miðsvæði opnast spennandi tækifæri sem ekki eru til staðar í dag.

Iðnaðarsvæði innan miðsvæðis eru víkjandi og það er í senn spennandi verkefni að finna iðnaði svæði sem hæfir og að þróa gömul iðnaðarsvæði inn í nútíma þarfir.

Byggjum göngu- og hjólabrú yfir Ölfusá, við eigum að geta gengið og hjólað við eðlilegar aðstæður til að sækja vinnu, til að sækja útivist í Hellisskóg og til að geta notið beggja vegna ár.

Hin hulda perla norðan ár er og verður enn frekar með nýrri brú „spari aðkoma“ inn á Selfoss. Byggðarþróunin á þessu svæði mun ráða miklu um rekstrarforsendur ekki aðeins hins nýja miðbæjar heldur einnig þeirrar atvinnustarfsemi sem er við Austurveg.

Með því að skilgreina miðsvæði Selfoss einnig frá Ölfusárbrú og að Biskupstungnabraut erum við að opna á ný tækifæri, á enn fallegri byggð og fjölbreyttari auk þess að fjölga útivistarmöguleikum.

Tækifærið til að auka fjölbreytileika í atvinnulífinu á Selfossi og til að fara nýjar leiðir í atvinnuuppbyggingu er galopið og spennandi á þessu fallega svæði.

Vöndum okkur og nýtum tækifærið.

Ný brú yfir Ölfusá tekur at-
hyglina enda verður til-
koma hennar mikil breyting. En
með tilkomu nýrrar brúar opnast
perla í hjarta Selfoss. Perla sem
gerir okkur kleift að búa til
fjöldi nýrra tækifæra. Svæðið
norðan/ofan við Ölfusárbrú
opnast okkur alveg á nýjan hátt.

Þetta er tækifæri sem við
eigum að nýta vel og við eigum
að vanda okkur. Í dag er ný
miðbærinn, hótelin og Austur-
vegurinn í austur/vestur skil-
greindur sem miðsvæði. Svæði
með fjölpætta starfsemi, lífæð
samfélagsins. Núna höfum við
tækifæri til að endurskilgreina
svæðið frá hringtorginu við
brúnnu alla leið að Biskups-
tungnabraut sem miðsvæði með
fjölpætta starfsemi. Að vegur
sem í dag heitir Suðurlands-
vegur og er þjóðvegur 1 breytist
í „nýjan Austurveg“ þar sem
miðsvæði Selfoss teygir sig og
stækkar í átt að Ingólfsfjalli.

Með breytingu sem þessari
bjóðum við því fólki sem aka
mun nýjan þjóðveg 1 í átt að
nýrri Ölfusárbrú velkomið beint
inn í nýtt og aðlaðandi miðsvæði
Selfoss þar sem yrði fjölpætt
starfsemi. „Hinn nýi Austur-
vegur“ myndi þannig leiða fólk
áfram inn í miðbæ Selfoss og
um Austurvegin. Sá hópur sem
ekki á erindi á Selfoss fer þá
áfram sinn veg, yfir nýja brú og
í austur átt.

Það er spennandi og
skemmtilegt að eiga samtal um
tækifæri og þau eru mörg við
breytingu sem þessa.

Hvernig atvinnustarfsemi
hæfir að sé byggð upp á þessu
nýja svæði? Er þetta svæði fyrir
hugverkaiðnað, er þetta svæði
fyrir frumkvöðlasetur og slíka
starfsemi. Er þetta svæði fyrir
háskólatengda starfsemi. Er
þetta svæði þar sem listir og



Guðmundur Tyrfingsson og ferðanefnd FEBSEL bjóða upp á Skíðaskálann 20. sept. 2022

Lagt af stað frá Grænumörkinn kl. 13:00 og ekið um Selvoginn
og áfram Krísuvík við endum svo ferðina í Skíðaskálanum þar
sem við þiggjum kaffiveitingar.

Brottför frá Grænumörkinni kl. 13:00

Verð per mann er kr. 3.000.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi
takmarkast fjöldi farþega fyrstir koma fyrstir fá.

**Nefndin bendir á, að hver og einn
þátttakandi er á eigin ábyrgð.**

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og í Grænumörk 5.

Sirry s. 863 7133 | Helga s. 860 7032 | Ingibjörg s. 864 2972

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýst eftirfarandi
tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Hlíðarendakot – Deiliskipulagstillaga

Að nýju er auglýst tillaga að deiliskipulagi á ca 26,5 ha svæði í Hlíðarendakoti. Skipulagið gerir ráð fyrir að byggt sé við núverandi íbúðarhús auk byggingar-
arreits fyrir tveimur nýjum heilsárshúsum innan sömu lóðar. Einnig eru settir
byggingarreitir í kringum önnur hús á bæjarhlaðinu til mögulegrar stækk-
unar viðkomandi mannvirkja. Vestan við núverandi bæjarstæði er gert ráð
fyrir fimm nýjum íbúðarhúsaloðum. Austan við bæjarstæðið er gert ráð fyrir
3000 m² lóð með allt að 4 heilsárshúsum.

Ytri-Hóll – Deiliskipulagstillaga

Skipulagið gerir ráð fyrir veiðihúsi allt að 100 m² að stærð, 2-3 svefnhúsum
samanlagt allt að 160 m² að stærð og aðstöðuhúsi allt að 80 m² að stærð.
Stærð lóðar er ca 1,0 ha.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangár-
þings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingar-
fulltrúa frá 7. september nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að
gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til
að skila inn athugasemdum til 19. október nk. Athugasemdum skal skila
skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra,
Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.

Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

í Grænumörk, Selfossi.
Opið 8. sept. kl. 13:00.

FRJÁLS SPIL

fimmtudaga kl. 13:00.

HEILSUEFLING 60+

Íþróttavelli/Selfosshöllin
þriðjudaga- og fimmtudags-
morgna kl. 9:30 og 10:30.

GOLFÆFINGAR

á Svarfhólsvelli þriðjudags-
og fimmtudagsmorgna

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KRAVINNA

GRÖFUVINNA

25 ÁRA REYNLA

Diddi S. 861 4966

Þarftu snyrtingu
fyrir hundinn þinn?

Ég var að opna stofu í
Urriðalæk 13, 800 Selfoss
Sími 6869790 - Klara
fb.com/hundasnyrtir.is



Er eitthvað að fréttu?

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 11.
september kl. 20:00. Kirkju-
kórinn syngur, organisti Edít A.
Molnár, prestur Arnaldur Bárðar-
son. Sunnudagaskóli kl. 11:00
umsjón Sjöfn Þórarinsdóttir
ásamt leiðtogum.

Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17:00.

Stokkseyrarkirkja

Messa sunnudaginn 11. sept-
ember kl. 11:00. Kirkjukórinn
syngur, organisti Haukur Arnarr
Gíslason, prestur Arnaldur
Bárðarson.

Þorláksskirkja

Sunnudagurinn 11. september
2022. Guðsþjónusta í Þorlákss-
kirkju kl. 11:00. Frú Agnes M.
Sigurðardóttir, biskup Íslands
prédikar. Kór Þorlákss- og Hjalla-
kirkju syngur undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur og sóknarprestur
þjónar fyrir altari. Þennan dag
mun biskup vísitera Þorlákss-
hafnarprestakall, ræða við sókn-
arfolk, skoða kirkjurnar og funda
með sóknarnefndum.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 10. sept-
ember. Biblíulexíur kl. 11 og
guðsþjónusta kl. 12, ræðu hefur
Eric Guðmundsson.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bilavíðgerðir.



Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga nidra

Djúp slökun
Betri svefn
Fræðsla og léttleiki

Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



HÚSNÆÐI ÓSKAST

Vetrargeymsla óskast fyrir jepp-
ling á Suðurlandi, þarf að vera
þurr og upphituað. Gudrun Kloes,
s. 898 5154.



Mynd: Mýrdalshreppur.

Falleg gjöf til Víkurskóla

Mýrdalshreppur fékk nýlega
að gjöf fallegt listaverk
sem skartar íslenska skjaldar-
merkinu. Listamaðurinn sem
heitar Zoltán Barát og er frá
Ungverjalandi, hefur verið bú-
settur í Vík í nokkur ár. Hann

býr til ýmskonar höggmynda-
listaverk úr leir og fljótlega
verður annað listaverk hans
til sýnis á viðburði til heiðurs
Skaftfellingi sem verður haldinn
á Regnbogahátíð.

Hoggið í sama knérunn

Það hryggði mig að sjá að lang-
fundur minn í Dagskránni
í þar síðustu viku hafi orsakað
þau viðbrögð Guðna Ágústss-
sonar sem pistill hans í síðustu
viku ber vitni um. Ég þurfti að
lesa þrisvar til að glöggva mig.
Ekki vakti annað fyrir mér en
að koma með nokkrar ábending-
ar í fullri vinsemd, því að
baki pistli mínum bjó aðeins
sú sama ástríða fyrir sögu og
menningu Rangárþings sem
Guðni hefur einnig gnoðt af.
Ekkert af því sómafólki sem
Guðni telur upp ætlaði ég að
svivirða, þótt ég hafi hnýtt ör-
lítið í Framsóknarflokkinn sem
slikan, þá hefur hann nú lifað
af stærri olnbogaskot en þetta.
En hafandi gengið bónleiður til
búðar í málefnum Söguseturs
eftir fundi með framsóknar-
mönnum, þá þótti mér rétt að
halda því til haga, því mér
hefur sýnst að áherslur og innri
menning stjórnmálaflokka ráði
stundum mun meiru en sjálft
fólkið sem situr við stjórnvöl-
inn. Ekki var heldur ætlun mín
að tala niður ábendingar Guðna
varðandi Kaupfélagssafnið,
heldur benda á blákaldr stað-
reyndir og leggja til úrbætur.
En auðvitað skyldi óbreyttur
alþýðumaður vara sig á því að
fara að munnhöggvást við lífs-
reyndan stjórnmálamann, sem
býr að mörgum orrahríðum úr
sölum Alþingis; jafnvel þótt
maður hafi aðeins ætlað sér að
vera skemmtilegur þá er næsta
víst að stjórnmálamaður stökkvi
upp á nef sér og finni sig knúinn
til að kveða viðkomandi í kút-
inn og hafa í hótunum. Þarf ég



kannski að hafa næturvakt við
ostabúrið mitt?

Af Merði Valgarðssyni

Það sem gladdi mig þó við
austur Guðna var að hann skyldi
líkja mér við Mörd Valgarðs-
son, þá persónu Njálu sem ein
stendur sína pligt í gegnum
þykkt og þunnt og gerir skyldu
sína sem goði í Rangárþingi;
jafnvel víg Höskuldar Hvíta-
nesgoða var skylduverk, eða
eins og þeir segja í Ameríku:
Nothing personal, just business.
Þótt mér sé upphæð að því að
vera borinn saman við feðgana
á Hofi, þá veit ég ósköp vel að
Guðni Ágústsson meinti það
ekki þannig; maður getur jú tek-
ið strákinn úr fjösinu, en maður
tekur aldrei fjösið úr stráknum.
Það gæti hins vegar orðið vara-
samt að ætla að særa til lífs þann
hrikalega óvætt sem Mördur
Valgarðsson var, ef marka má
Njáluhöfund, því það er ómögu-
legt að vita hverju svo voldugur
myrkradrottinn getur áorkað,
gangi hann í endurnýjun lífdaga.

Friðrik Erlingsson



Nýr deildarstjóri hjúkrunardeilda á Selfossi

Unnur Eyjólfssdóttir hefur verið sett sem deildarstjóri á Ljós- og Fossheima og Móberg hjúkrunardeildir á HSU Selfossi.

Unnur útskrifaðist frá Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands árið 2008. Hún hefur jafnframt lokið diplómanámi í Bráðahjúkrun frá HÍ 2010.

Unnur hefur starfað á Ljósheimum frá því í janúar 2022. Þar á undan starfaði hún í 10 ár við heimahjúkrun í Noregi.

VIÐ LEITUM AF FÓLKI LEIKSKÓLINN LEIKHOLT

LAUSAR STÖÐUR

50% staða - vinna viku og frí í viku ●

50% staða - fyrir eða eftir hádegi ●

100% staða - 8:00 - 16:00 ●

Fleiri möguleikar á starfshlutfalli í boði ●

UMSÓKNIR SENDIST TIL

leikholt@leikholt.is

Fullgilda auglýsingu má sjá inn á alfred.is og inn á skeidgnup.is



Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir umsóknum um lausar byggingarlóðir á Borg í Grímsnesi.

Um er að ræða 2 einbýlishúsaloðir.

Lóðirnar eru auglýstar á grundvelli nýlegs deiliskipulags á svæðinu. Búið er að malbika götur, gangstéttar og gangstíga ásamt því að götulýsing er tilbúin. Hús munu tengjast vatns-, hita- og fráveitu sveitarfélagsins og RARIK er með rafmagn á svæðinu. Búið er að leggja ljósleiðara í hverfið. Sveitarstjórn hefur samþykkt 50% afslátt af gatnagerðargjöldum árið 2022.

Umsóknareyðublöð, lóðarblöð, gjaldskrár, skipulags- og byggingarskilmálar og aðrar upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.gogg.is.



Um auglýsingu og úthlutun lóða gilda reglur Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2021 en auglýsa skal lóðir með tveggja vikna umsóknarfresti að lágmarki. Úthlutun fer fram fram skv. vinnureglum ef fleiri en einn sækja um hverja lóð.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september 2022.

Grímsnes- og Grafningshreppur er sveitarfélag í miðri Árnessýslu. Það varð til 1. júní 1998 við sameiningu Grímsneshrepps og Grafningshrepps. Sveitarfélagið liggur að Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Flóahrepp, Mosfellsbæ og Ölfusi. Sveitarfélagið er 890 km² að stærð og þar eru búsettir u.þ.b. 500 íbúar. Íbúar á Borg eru um 100. Um 20 mínútna akstur er á Selfoss þar sem íbúar sækja helstu þjónustu.

Á Borg er íþróttasalur og sundlaug með gufu, rennibraut, tveimur heitum pottum og vaðlaug. Reknir eru nokkrir golfvellar í sveitarfélaginu. Grímsnes- og Grafningshreppur er hluti af heilsuefandi samfélagi og leggur áherslu á uppbyggingu innviða til að stuðla að heilsu og vellíðan allra íbúa.

Kerhólsskóli á Borg í Grímsnesi varð til við sameiningu leikskólans Kátuborgar og Grunnskólans Ljósuborgar 1. janúar 2011. Í leikskóladeildinni eru nemendur frá 12 mánaða aldri og í grunnskóladeildinni eru nemendur í 1.-10. bekk. Byggt var nýtt húsnæði fyrir skólann árið 2013.

Öflugt félagsstarf er rekið í sveitarfélaginu. Ungmennafélagið Hvöt stendur fyrir íþróttæfingum fyrir börn í sveitarfélaginu í tengslum við skóla og frístundastarf og má þar nefna æfingar í blaki, körfubolta, frjálsum íþróttum og fótbolta. Félagar í Hvöt taka þátt í íþróttamótum á vegum HSK. Einnig er rekin björgunarsveit, hestamannafélag, kvenfélag og ótalmargt fleira.

Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má sjá á www.gogg.is.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Sunnlenskar sauðfjárréttir 2022

Nú þegar september er ngenginn í garð hafa sauðfjárbændur í nógu að snúast og smölun stendur sem hæst, en smalar hafa verið einstaklega heppnir með veður þetta árið. Réttir eru óhjákvæmilegur fylgífiskur þessara leita eins og alþjóð veit og hér að neðan er að finna tímasetningar þeirra sem framundan eru á Suðurlandi.

Föstudagur 9. sept.

Hrunaréttir í Hrunamannahreppi Skaftholtsréttir í Gnúpverjah. Fossrétt á Síðu

Laugardagur 10. sept.

Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. Tungnaréttir í Biskupstungum Grafarréttir í Skaftártungu Skaftárrétt

Sunnudagur 11. sept.

Haldréttir í Holtamannaafreitti Laugarvatnsréttir, Árn Þóristunguréttir, Holtamannaafri Lögréttir í Álftaveri

Mánudagur 12. sept.

Fjallréttir við Þórólfsfelli



Hrunaréttir 2015. Mynd: Guðbjörg Helga Sigurdórsdóttir.

Laugardagur 17. sept.

Seljalandsréttir undir Eyjafj. Húsmúlaréttir við Kolviðarhól Fjörborgarréttir í Hólmsheiði Reyðarvatnsréttir á Rangárv. Heiðarbæjarréttir í Þingvallasveit

Sunnudagur 18. sept.

Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti Fljótshlíðarréttir í Fljótshlíð Ölfusréttir í Reykjadal, Ölfusi

Brúsastaðaréttir í Þingvallasveit

Mánudagur 19. sept.

Grafningsréttir í Grafningi

Fimmtudagur 22. sept.

Landréttir við Áfangagil

Sunnudagur 25. sept.

Selvogsréttir í Selvogi Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga.

HGL



Brotist inn í skjóli nætur

Það bendir fátt til þess að það hafi verið þægileg tilfinning fyrir starfsfólk Sportbæjar á Selfossi að mæta til vinnu síðastliðinn mánudagsmorgun. Einhver hafði brotist inn í skjóli nætur án þess að virkja þjófavarnarkerfi búðarinnar og látið greipar sópa. „Þetta er tjón, alveg klárlega, við höfum ekki komist í að meta hversu mikið en það fer ekkert á milli

mála að þetta er tjón. Mér var ráðlagt að fara ekki út í smáatriði varðandi innbrotið að svo stöddu, þetta er í rannsókn hjá lögreglu og við getum á þessu stigi lítið annað gert en að biðla til almennings um hvort einhver gæti hafa orðið var við mannaferðir eða bílaumferð á svæðinu. Þetta gerist á milli 20 á sunnudagskvöld og 10 á mánudagsmorgni,“ segir Birna

Björnsdóttir, verslunarstjóri Sportbæjar. Birna segir að þær í Sportbæ séu brattar miðað við aðstæður, þetta hafi að sjálfsögðu verið mikið sjokk og þær séu enn að ná utanum að þetta hafi gerst. Hafi lesendur einhverjar upplýsingar sem gætu hjálpað til við rannsókn málsins eru þeir hvattir til að hafa samband við Lögregluna á Selfossi í síma 444-2010. HGL

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

ÁRBORG TAXI
482 1333
arborgtaxi@gmail.com

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismíði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfarapjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Pípulagnir Júlla
Öll almenn pípulagnavinna - www.pipulagnirjulla.is
ornja@bttnet.is - Sími 772 1456

TAXI SELFOSSI
482-3800

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is